

16. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla, 26. tölul., tilskipun 80/777/EEC um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns, og þeim breytingum og viðbótum sem leiða af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

Umhverfissráðuneytið, 6. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

**Viðauki
Sérmerking umbúða.**

Merking

Steinefnasnautt
Lítið magn steinefna
Steinefnaríkt
Inniheldur bíkarbónat
Inniheldur súlfat
Inniheldur klóríð
Inniheldur kalk
Inniheldur magnesíum
Inniheldur flúoríð
Inniheldur járn
Súrt
Inniheldur natríum
Má nota í natríumskert fæði

Skilyrði

EKKI meira en 50 mg/l
EKKI meira en 500 mg/l
Meira en 1500 mg/l
Meira en 600 mg/l
Meira en 200 mg/l
Meira en 200 mg/l
Meira en 150 mg/l
Meira en 50 mg/l
Meira en 1 mg/l
Meira en 1 mg/l
Óbundinn koltvísýringur yfir 250 mg/l
Meira en 200 mg/l
Natríum minna 20 mg/l

REGLUGERÐ

um hunang.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um hunang samkvæmt skilgreiningu í 2. grein. Hún gildir þó ekki um hunang sem ætlað er til útflutnings til ríkja utan Evrópsks efnahagssvæðis.

2. gr.

1. **Hunang** er vara sem hunangsflugur framleiða úr hunangslegi blóma eða seyту jurta og sem þær safna, umbreyta, binda sérstökum efnum, geyma og láta þroskast í vaxkökum. Afurðirnar eru ýmist fljótandi, í föstu formi eða kristallaðar.
2. **Blómahunang** er hunang sem er aðallega fengið úr hunangslegi blóma.

3. **Daggarhunang** er hunang sem er aðallega fengið úr seytu jurta.
4. **Vaxkökunang** er hunang sem býflugur safna í hólf nýbyggðra lirfulausra vaxkaka og selt er í lokuðum vaxkökum, heilum eða í hlutum.
5. **Hunang sem fengið er með dreypni** er unnið með því að láta drjúpa af opnum lirfulausum vaxkökum.
6. **Hunang sem fengið er með skiljun** er hunang sem skilið er frá opnum lirfulausum vaxkökum í skilvindu.
7. **Pressað hunang** fæst með því að pressa lirfulausar vaxkökur við vægan eða engan hita.
8. **Iðnaðarhunang** er hunang sem telst hæft til manneldis, en hefur framandi lykt eða bragð, er byrjað að gerjast eða freyða eða hefur hlotið hitameðhöndlun. Virkni „díast-asa“ eða magn „hýdroxímetylfurfurals“ getur einnig verið umfram það sem tilgreint er í viðauka.

II. KAFLI

Samsetning og merking.

3. gr.

Ekki er heimilt að bæta efnunum í hunang eða breyta efnasamsetningu þess með öðrum hætti. Við markaðssetningu skal samsetning hunangs vera í samræmi við það sem fram kemur í viðauka.

Hunang skal, að því marki sem slíkt er framkvæmanlegt, vera laust við aðskotaefni og aðskotahluti og að öðru leyti í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 518/1993 um aðskotaefni í matvælum.

4. gr.

Hunang, annað en iðnaðarhunang, má ekki hafa framandi bragð eða lykt, vera byrjað að gerjast eða freyða, eða sýrustig þess hafa tekið óeðlilegum breytingum. Óheimilt er að hita hunang að því marki að náttúrulegir lífhvatar þess hafi verið eyðilagðir eða gerðir óvirkir.

5. gr.

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla, skal orðið „hunang“ eða eitt þeirra heita sem talin eru upp í 2. gr. koma fram á umbúðum hunangs. Ef um iðnaðarhunang er að ræða skal það merkt sem slíkt.

6. gr.

Að iðnaðarhunangi undanskildu er heimilt að eftirfarandi komi fram á umbúðum hunangs:

- a) upplýsingar um blóma- eða jurtauppruna, að því tilskildu að afurðin sé nánast eingöngu af þeim uppruna sem um er getið og hafi eiginleika slíks hunangs, svo sem lykt og bragð;
- b) upplýsingar um landfræðilegan uppruna, ef unnt er að staðfesta að varan komi eingöngu frá tilteknu svæði;
- c) eiginleikar eða gæði, sem gera hunangið frábrugðið öðru sambærilegu hunangi.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði og gildistaka.

7. gr.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að þær vörur sem um getur í viðauka séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

8. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

9. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla, 9. tölul., tilskipun 74/409/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hunang.

Umhverfissráðuneytið, 6. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Viðauki

Kröfur um samsetningu hunangs.

- 1. Afoxandi sykur** (reiknað sem invertsykur)
 - Blómahunang ≥ 65 %
 - Daggarhunang og blöndur af daggarhunangi og blómahunangi ≥ 60%
- 2. Rakainnihald**
 - Almennt ≤ 21%
 - Beityngshunang (*Calluna*) og smárahunang (*Trifolium sp.*) ≤ 23%
 - Iðnaðarhunang ≤ 25%
- 3. Súkrósi**
 - Almennt ≤ 5%
 - Daggarhunang og blöndur af daggarhunangi og blómahunangi, akasíu-, lofnarblóma- og „banksia menziesii“ hunangi ≤ 10%
- 4. Fituleysanleg efni**
 - Almennt ≤ 0,1%
 - Pressað hunang ≤ 0,5%
- 5. Steinefni (aska)**
 - Almennt ≤ 0,6%
 - Daggarhunang og blöndur af daggarhunangi og blómahunangi ≤ 1%

6. Óbundnar sýrur ≤ 40 millíjafngildi
(meqv) sýru/kg
7. Virkni díastasa og magn hýdroxímetylfulfurals (HMF)
eftir vinnslu og blöndun
- a) Virkni díastasa (*Schade-kvarði*)
- Almennt ≥ 8
 - Hunang með lágt innihald náttúrulegra lífhvata (t.d. sítrushunang)
og með HMF-innihald ≤ 15 mg/kg ≥ 3
- b) HMF ≤ 40 mg/kg

REGLUGERÐ

um mjólkurprótein til notkunar í matvæli.

I. KAFLI

Gildissvið og ýmis ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um mjólkurprótein samanber skilgreiningu í 2. gr. og blöndur þeirra. Hún gildir þó ekki um slíkar vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópsks efnahagssvæðis.

2. gr.

Kasein er í reglugerð þessari hreinsað og þurrkað mjólkurprótein, óleysanlegt í vatni og fengið úr undanrennu við útfellingu með einhverri eftirtalinna aðferða:

- a) með notkun sýru;
- b) sýringu með örverum;
- c) með hleypi;
- d) öðrum lífhvötum;

Heimilt er að beita jónaskipta- eða þykkingaraðferðum fyrir útfellingu.

Kaseinöt eru afurðir fengnar með því að þurrka kasein, sem hefur verið hlutleyst.

3. gr.

Við framleiðslu og markaðssetningu skulu mjólkurprótein uppfylla þau skilyrði sem fram koma í viðauka. Framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að þessum skilyrðum sé fullnægt.

Hráefni sem notað er til framleiðslu á kaseinum og kaseinötum skal hitameðhöndlað þannig að fosfatasi verði óvirkur.

4. gr.

Kasein og kaseinöt skal merkja samkvæmt reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla. Auk þess skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt þar sem við á:

- a) heiti vörutegunda skal vera í samræmi við skilgreiningar í 2. gr. og skilyrði í viðauka;
- b) í tengslum við heiti vörutegunda sem innihalda kaseinöt skal merkja upplýsingar um katjónir;